

SKIPULAGSSKRÁ fyrir veiðibótasjóðinn Blending.

1. gr. *Nafn.*

Sjóðurinn heitir Blendingur, er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988.

2. gr. *Aðsetur.*

Lögheimili sjóðsins er í Húnavatnssýslu, á heimili formanns stjórnar hverju sinni.

3. gr. *Tilgangur.*

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að vexti og viðgangi laxastofna Blöndu og Svartár í Húnavatnssýslu með það að markmiði að jafna laxgengd í ánum og treysta stöðu þeirra sem eftirsóknarverðs veiðisvæðis stangveiðimanna.

Sjóðurinn vinnur að framangreindum markmiðum með því að styrkja rannsóknir og sjá fyrir seiðaeldi og sleppingum í samráði við Veiðifélag Blöndu og Svartár. Sjóðurinn veitir styrki í framangreindu skyni og er jafnframt heimilt að styðja framkvæmdir við árnar að því marki sem samræmist tilgangi hans.

4. gr. *Stofnendur.*

Stofnendur sjóðsins eru Veiðifélag Blöndu og Svartár sem leggur fram 5 milljónir króna sem stofnfé og Landsvirkjun, sem leggur fram kr. 27 milljónir króna í samræmi við samning aðila þar um.

Stofnendur bera enga fjárhagslega ábyrgð á stofnuninni umfram það sem felst í stofnframlögum skv. framanskráðu.

5. gr. *Stofnfé.*

Stofnfé sjóðsins eru þrjátíu og tvær milljónir króna sem er framlag stofnenda félagsins.

Af því teljast 24 milljónir bundið stofnfé sem ekki skal skert.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eigum sínum og öðrum þeim eigum er hann kann að eignast síðar.

Óheimilt er stjórn að taka ákvarðanir sem til þess eru fallnar að skerða stofnfé svo það fari niður fyrir $\frac{3}{4}$ hluta þess sem það er skv. 5. gr. og skulu þessi hlutföll verðtryggð miðað við gildi vísitölu neysluverðs í mars 2004; 230,7 stig.

Styrki má fyrst veita úr sjóðnum á árinu 2007 eða þegar eignir hans hafa náð 40 milljónum króna, hvort sem fyrir gerist.

6. gr. *Tekjur.*

Tekjur sjóðsins eru:

1. Stofnframlag skv. 4. gr. samþykkt þessara.

2. Styrkir og framlög.
3. Vextir og arður af eigin fé.

7. gr.
Stjórn.

Stjórn Blendings skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara til þriggja ára í senn.

Stjórn Veidifélags Blöndu og Svartár skal tilnefna þrjá aðalmenn og þrjá til vara í fyrstu stjórn Blendings. Skal einn tilnefndur til þriggja ára, einn til tveggja ára og einn til eins árs. Sama gildir um varamenn. Skal tilnefning stjórnar Veidifélagsins borin upp til staðfestingar í einu lagi á almennum fundi í Veidifélaginu, um leið og afstaða er tekin til samkomulags félagsins og Landsvirkjunar um fjárhagslegt uppgjör vegna áhrifa Blönduvirkjunar og hagsmunum veiðiréttareigenda.

Stjórn sjóðsins gerir tillögu til fulltrúaráðs um tilnefningu eins stjórnarmanns og varamanns hans til þriggja ára, í fyrsta sinn á ársfundi fulltrúaráðsins 2005. Komi fram fleiri tillögur skal kosið á fundinum milli þeirra sem tillaga er gerð um.

Stjórn skipar sjálf með sér verkum og skal einn kjörinn formaður, annar varaformaður og ritari og sá þriðji gjaldkeri.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórnin veitir prófkúruumboð fyrir stofnunina.

8. gr.
Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist fundar og skal þá orðið við því innan hæfilegs tíma. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka nema að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála.

Halda skal gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

9. gr.
Verkefni stjórnar.

Sjóðstjórn sér um varðveislu eigna og ávöxtun á fé sjóðsins og skal það ávaxtað með sem tryggilegustum hætti þannig að miðað sé að hámarks ávöxtun með sem minnstri áhættu. Ekki er heimilt að veita lán úr sjóðnum en heimilt er sjóðnum að eiga markaðsverðbréf og eiga viðskipti fyrir milligöngu viðurkenndra fjármálastofnana.

Sjóðstjórn tekur ákvarðanir um styrki til einstakra verkefna að fengnum tillögum stjórnar Veidifélags Blöndu og Svartár og eftir ráðgjöf þeirra sérfræðinga sem sjóðsstjórn leitar til.

Að jafnaði skal ekki verja meiru fé til styrkja en sem svarar raunávöxtun eigin fjár sjóðsins á næst liðnu ári.

Sjóðsstjórn setur nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum í samræmi við markmið hans.

10. gr.
Fulltrúaráð.

Fulltrúaráð sjóðsins skal skipað veiðiréttareigendum að Blöndu og Svartá, einum fyrir hverja jörð sem veiðirétt á í ánum. Ársfundur ráðsins skulu haldnir í tengslum við aðalfundi

Veiðifélags Blöndu og Svartár ár hvert og skal þar gerð grein fyrir verkefnum sjóðsins svo og áformum.

Fulltrúaráðsfund skal boða með minnst einnar viku fyrirvara, annað hvort bréflaga eða með öðrum jafn tryggilegum hætti. Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Fulltrúaráðið tilnefnir árlega einn mann í stjórn og annan til vara.

11. gr.

Endurskoðandi.

Fulltrúaráð skal velja stofnuninni löggiltan endurskoðanda og skal stjórn félagsins semja við hann um endurskoðun reikninga fyrir hvert starfsár.

12. gr.

Fjárreiður sjóðsins og reikningar.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðanda eigi síðar en 30. mars ár hvert.

Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af tekjum hans, þar með talinn kostnaður vegna umsýslu, styrkja og reikningsskila.

Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu lagðir fyrir fulltrúaráðsfund fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

13. gr.

Breytingar á skipulagsskrá og niðurlagning sjóðsins.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá sjóðsins og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna á tveimur fundum sem haldnir séu með minnst einnar viku millibili svo og staðfestingu 2/3 hluta atkvæða á lögmætum fulltrúaráðsfundi sem sóttur er af minnst helmingi fulltrúa skv. 1. mgr. 10. gr.

Með tillögu um niðurlagningu sjóðsins skal fara sem um breytingar á skipulagsskrá hans. Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal eignum hans varið til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á breytingum á skipulagsskrá sjóðsins og niðurlagningu hans.

14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. ágúst 2004.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.